

## Svar

**sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn  
frá Þórarni Inga Péturssyni um sölu  
og dreifingu kjöts úr heimaslátrun.**

1. *Hversu mörg mál hafa komið inn á borð Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga frá árinu 2014 þar sem grunur hefur verið um sölu eða dreifingu kjöts úr heimaslátrun?*

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga hafa sjö mál komið upp þar sem grunur hefur verið um sölu eða dreifingu kjöts úr heimaslátrun.

2. *Í hversu mörgum tilvikum hefur slíkum málum verið vísað til lögreglu?*

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga hefur tveimur slíkum málum verið vísað til lögreglu.

3. *Í hve mörgum tilvikum hefur verið gefin út ákæra?*

Í einu tilviki var gefin út ákæra en í hinu málinu hætti lögregla rannsókn og var málið fellt niður.